



Borgarráð

Völvufell 11 – starfsstöðvar fyrir ungt fatlað fólk

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að Völvufell 11 verði nýtt fyrir starfsemi velferðarsviðs á meðan verið er að taka ákvörðun um framtíð svæðisins og þar með hússins. Jafnframt er óskað eftir heimild borgarráðs til að ráðstafa allt að 10 m.kr. vegna aðlögunar húsnæðisins að fyrirhugaðri notkun, með tilfærslu fjárheimilda af kostnaðarstað 1107 – verki Framtíðarverkefni v. skammtíma- og dagvistunar.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg keypti fasteignina Völvufell 11 haustið 2018 með það að markmiði að flýta fyrir uppbyggingu og endurnýjun á þessu svæði. Sett hefur verið í gang vinnu við að endurskoða skipulag og uppbyggingamöguleika á þessu svæði. Húsnæðið var afhent Reykjavíkurborg í síðasta mánuði og hefur velferðarsvið óskað eftir að fá að nýta húsnæðið til að bregðast við því ástandi sem skapast hefur í atvinnumálum fatlaðs fólks. Um er að ræða ungmenni nýútskrifuð úr framhaldsskólum sem ekki hafa vinnu eða annað fyrir stafni á grundvelli málaflokks fatlaðs fólks. Starfsemi í Völvufelli 11 verði þjónustan sniðin að þörfum og getu hvers og eins og þar verði boðið upp á þjálfun/hæfingu, félagsstarf og vinnu. Einnig verður lögð áhersla á tengingu við atvinnulífið með það að markmiði að finna störf sem henta hverjum og einum, veita viðeigandi og viðvarandi stuðning í samræmi við óskir og getu hvers og eins.

Fasteignin Völvufell 11 er einnar hæðar hús sem skiptist í tvær kennslustofur, tvö hópherbergi, skrifstofu, snyrtingar, anddyri og þjónusturými. Húsið er 233 m² að stærð.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaðar rúmast innan ramma velferðarsviðs.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Erindi velferðarsviðs, dags. 16. september 2019



Tillaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Völvufell 11- opnun starfsstöðvar fyrir ungt fatlað fólk

Velferðarsvið óskar eftir heimild til nýtingar á húsnæði Reykjavíkurborgar í Völvuvelli 11 í Breiðholti fyrir starfsstöð fyrir ungt fatlað fólk. Jafnframt er óskað eftir 10 mkr. í breytingakostnað til að gera húsnæðið aðgengilegt.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 14. maí 2018 tillögur stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar til að auka tækifæri til virkni og vinnu fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu og langtíma atvinnulausa einstaklinga. Í tillögunum eru lagðar til ýmsar leiðir til að fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með skerta starfsgetu. Ein af þessu tillögum fjallar um fötluð ungmenni sem útskrifast úr framhaldsskólum. Þar kemur fram að unnið skuli að uppbyggingu í samræmi við greiningu Velferðarsviðs á þörf á hæfingartengdri þjónustu í samræmi við tillögu að uppbyggingaráætlun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk frá janúar 2017.

Á næstu árum mun þörfin fyrir ný tilboð í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk aukast verulega, bæði til að koma til móts við þá einstaklinga sem eru á biðlistum sem og það unga fólk sem mun útskrifast úr framhaldsskólum á næstu árum. Samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja er fjöldi útskriftarnema sem fæddir eru á árunum 2000-2006 að meðaltali 13 einstaklingar á ári og fjöldi sem fæddur er 2007 er 24 einstaklingar.

Með því að opna virkni og vinnumiðstöð í Völvufelli er verið að leysa stöðu þeirra útskriftarnema sem hvorki komust að hjá Ás styrktarfélagi í haust né öðrum þeim vinnu- og virknitilboðum sem velferðarsvið hefur haft aðgang að. Þessi hópur telur 6 einstaklinga sem eru fæddir 1998 og 1999. Allir hafa miklar stuðningsþarfir.

Gert hefur verið ráð fyrir fjármagni til rekstrar í fjárhagsáætlun velferðarsviðs til næstu ára til að mæta þörf þessa hóps.

Markmið og tilgangur starfseminnar í Völvufelli er að veita einstaklingmiðaða þjónustu með áherslu á eftirfarandi:

- a. efla sjálfstæði, sjálfstraust og hæfni,
- b. auka færni í samskiptum,
- c. gefa fólki tækifæri til að þróast í starfi og leik.

Í Völvufelli verði þjónustan sniðin að þörfum og getu hvers og eins og þar verður boðið upp á þjálfun/hæfingu, félagsstarf og vinnu. Einnig verði lög áhersla á tengingu við atvinnulífið með það að markmiði að finna störf sem henta hverjum og einum, veita viðeigandi og viðvarandi stuðning í samræmi við óskir og getu hvers og eins.

Í tillögum stýrihóps um atvinnu og virkniúrræði, sem fjallað hefur verið um hér að ofan, er einnig lagt til að velferðarsvið stofni smíðastofu fyrir einhverfa einstaklinga. Smíðastofan, SmíRey, hóf störf fyrir á þessu ári að Arnarbakka 2 í Breiðholti. SmíRey og Völvufell verða samrekin og með því mun nást ákveðin hagræðing í rekstri.

Þessu til viðbótar munu SmíRey og Völvufell gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu almennrar vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu þ.m.t. stuðning við þá aðila sem eru að ráða fatlað fólk í vinnu en skortir aðgang að faglegri ráðgjöf og stuðningi, s.s. Grænir skátar og fl.

Möguleiki væri fyrir fólk að vinna í Völvufelli auk þess að sækja vinnu eða vinnutengd verkefni annarsstaðar með stuðningi. Einnig skapast tækifæri fyrir fólk að færa sig á milli staða og upplifa þannig fjölbreytt störf og verkefni.

Áætlað er að kostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á húnæðinu muni kosta 10 mkr. árið 2019. Er þar innifalin vinna við breytingar og efniskostnaður. Ekki er fjárheimild í ramma velferðarsviðs fyrir þessum viðbótarkostnaði.

Tillagan hefur verið jafnréttisskimuð.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun dags. 16.09.2019



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	23.09.2019
Síðast rýnt / næst rýnt:	2019 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofa um málefni fatlaðs fólks/PLG/AFK

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23.09.2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Þórdís L. Guðmundsdóttir / A. Friðrik Karlsson
Verkefni/tillaga:	Vinnumiðuð stoðþjónusta, uppbygging og nýliðun
Þjónustubáttur:	Málefni fatlaðs fólks
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	10 m.kr.
Annað:	Velferðarsvið óskar eftir heimild til nýtingar á húsnæði Reykjavíkurborgar í Völvuvelli 11 í Breiðholti fyrir starfsstöð fyrir ungt fatlað fólk. Jafnframt er óskað eftir 10 m.kr. í breytingakostnað til að gera húsnæðið aðgengilegt. Fjárheimild fyrir rekstrinum var veitt við í ramma velferðarsviðs 2019.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan gengur út á að ekki verði rof á þjónustu vegna fjölgunar einstaklinga í þjónustu og að viðkomandi einstaklingar fái þjónustu til jafns við aðra. Á næstu árum er von á stórum árgöngum inn í þjónustuna ef miðað er við þá einstaklinga sem nýta sér lengda viðveru fyrir fatlaða framhaldsskólanema. Mikilvægt er að bregðast við þeirri þörf sem blasir við næstu árin. Velferðarsvið leggur áherslu á heildstæða þjónustukeðju í þjónustu við fatlað fólk, þannig að ekki komi rof við ákveðin tímamót s.s. útskrift úr framhaldsskóla.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, tillagan eykur möguleika fatlaðs fólks til vinnu og virkni.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Fatlað fólk og aðstandendur þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Með öflugri vinnumiðaðri stoðþjónustu er verið að styðja við fjölbreytilegt samfélag og aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Já

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.